

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.



Stofnað 1949

2. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöllinni við Hagatorg
6. desember 1991 og hófst hann kl. 14:00.

Mættir: Kári, Halldór, Sigbjörn, Sigfús, Stefán Bjarnason, Jón, Sigurður, Guðmundur, Ingimar og Ágúst Oddsson.
Marteinn Valdimarsson mætti síðar.

Kári setti fund og bauð menn velkomna.

1. Kári greindi frá ráðstefnu um ferðamennsku og umhverfisvernd á Íslandi, sem haldin var nýlega og hann sat. Hann taldi að barna hefði verið um áhugavert og þarft framtak að ræða.
2. L.H. barst bréf frá samgönguráðuneyti dags. 21. nóv. 1991, þar sem vísað er til framkominnar tillögu frá 7. feb. s.l. svohljóðandi:

"Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skpa nefnd með þátttöku samtaka hestamanna og sveitarfélaga til þess að kanna ástand reiðvega og gera reiðvegaáætlun".

Skipaður hefur verið starfshópur til að vinna að bessu og eiga þar sæti, framkvæmdastjóri L.H., Þórður Skúlason framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga og Jón Birgir Jónsson forstjóri og er hann jafnframt form. starfshópsins. Fyrsti fundur hefur verið boðaður 11. des. n.k.

3. Starfsnefndir:

- a) Fræðslu- og útgáfuneftnd óbreytt í samræmi við það sem rætt var á síðasta stjórnarfundi.
- b) Gæðinga- og unglingsnefnd.
Fram kom í umræðu um verksvið bessarar nefndar að nauðsynlegt sé að gera erindisbréf fyrir þá sem þar eiga sæti. Framkomin tillaga um eftirfarandi aðila í gæðinga- og unglingsnefnd var samþykkt. Þar eiga sæti:
Þórður Axelsson formaður, Rúna Einarsdóttir, Jón Albert Sigurbjörnsson, Ágúst Oddsson og Kolbrún Kristjánsdóttir.
- c) Ferða- og umhverfisnefnd.
Tillaga um Stefán Bjarnason sem formann, Óttar Kjartansson, Valgerði Gísladóttur, Guðrúnu Fjeldsteð og Lárus Bragason var samþykkt.

d) Mótanefnd.

Framkomin tillaga um eftirtalda aðila í mótanefnd var samþykkt. Þar eiga sæti: Sigbjörn Björnsson formaður, Haraldur Haraldsson, Halldór Gunnarsson, Elísabet Þ. Þórolfsdóttir og Pétur Jökull Hákonarson.

e) Reiðveganefnd.

Framkomin tillaga um eftirfarandi aðila í reiðveganefnd var samþykkt. Þeir eru: Sigfús Guðmundsson formaður, Marteinn Valdimarsson og Högni Bæringsson.

f) Lyfjanefnd.

Framkomin tillaga um þrjá menn frá L.H. í nefndina, þá Guðbrand Kjartansson, Þór Sigþórsson og Kristmund Halldórsson. Auk þess hefur HÍS skipað þá Sigurð Sæmundsson og Magnús Lárusson.

Helgi Sigurðsson dýralæknir mun starfa með nefndinni sem faglegur ráðgjafi.

Tillaga um nefndarskipan var samþykkt.

g) Skógarhólanefnd.

Tillaga kom um þá Gunnar B. Gunnarsson, Kristján Auðunsson og Ásgeir Guðmundsson og var hún samþykkt.

h) Fram kom tillaga um að skipa Ingimar Ingimarsson, sem formann í millibinganefnd um málefni dómara og var hún samþykkt.

i) Í nefnd á vegum Landbúnaðarráðuneytis til að semja reglugerð um búfjárhald, kom fram tillaga um Guðmund Jónsson og til vara Sigbjörn Björnsson og var hún samþykkt.

j) Í samninganefnd við Félag tamningamanna voru skipaðir þeir Sigfús Guðmundsson og Sigurður Þórhallsson og hafa þeir þegar fundað einu sinni með fulltrúum F.T. og fulltrúum frá Félagi hrossabænda. Sigfús Guðmundsson kynnti þær tillögur sem fyrir lágu á þessum fundi um taxtamál F.T. og er þar miðað við 8% hækjun á milli ára á svokölluðu grunngjaldi svo og gjaldi fyrir reiðkennslu. Annar fundur er fyrirhugaður 12. des. n.k. Mikil og gagnleg umræða varð um þetta málefni og verður það ekki tíundað hér sérstaklega en hlýtur að skoðast sem veganesti fyrir samningamenn okkar á næsta fundi.

4. Tekið var fyrir og kynnt bréf frá Bergvík h.f. þar sem fram kemur að nú eru tilbúnar landsmótsmyndirnar þ.e.a.s.: Á Þveráreyrum 1954, Vindheimamelum 1974, Skógarhólum 1978, Vindheimamelum 1982 og Hellu 1986. Þær myndir sem seinna verða gefnar út, eru frá Hólum 1966, Skógarhólum 1958 og Skógarhólum 1970.

5. Önnur mál.

Rætt var um ráðningu æskulýðsfulltrúa, á hvern hátt ætti að standa að slíkri ráðningu og úr hvaða fjármagni Lands-sambandið hefur að spila í þetta verkefni. Ætla má að í þetta fari 600-700 þús. krónur í það minnsta.

Ingimar greindi frá kynningu hrossaræktarbrautar Bænda-skólangs á Hólum sem fram fór á Hólum fyrir skömmu og hann mætti á f.h. L.H.

Kári Arnórsson
Halldór Gunnarsson
Sigfús Guðmundsson
Stefán Bjarnason
Jón Bergsson

Ingimar Ingimarsson
Guðmundur Jónsson
Ágúst Oddsson
Marteinn Valdimarsson
Sigbjörn Björnsson